

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/10/EB****frá 7. apríl 1995****um aðferð við útreikninga á orkugildi hunda- og kattamatar með sérstök næringarmarkmið í huga(\*)****(Texti sem varðar EES)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fódurs<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/74/EBE<sup>(2)</sup>, einkum d-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í d-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 93/74/EBE um fóður sem er miðað við sérstök næringarmarkmið er kveðið á um tiltekna upplýsingar á merkimiðum dýrafóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga.

Þegar tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/39/EB frá 25. júlí 1994 um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun dýrafóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga<sup>(3)</sup>, breytt með tilskipun 95/9/EB<sup>(4)</sup>, var samþykkt var ekki unnt að taka með hin ýmsu næringarmarkmið, þar sem orkugildið er veigamikill þáttur, vegna þess að bandalagið hafði ekki komið sér upp aðferð til að reikna út orkugildi gæludýrafóðurs.

Núverandi aðferðir til að reikna út orkugildi eru ekki að öllu leyti fullnægjandi, hvorki að því er lýtur að eftirliti né nákvæmni gagnanna.

Samþykking ber til bráðabirgða aðferð, sem gildir í takmarkaðan tíma uns fullnægjandi aðferð verður fundin, til þess að hægt verði að gefa upp orkugildi fódurs með sérstök næringarmarkmið í huga, svo að gefa megi dýrum þetta fóður við sérstakar aðstæður sem eru þess eðlis að þau þurfa á sérfaði sem hæfir ástandi þeirra að halda.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:****1. gr.**

Þegar gefnar eru upplýsingar um orkugildi hunda- og kattamatar með sérstök næringarmarkmið í huga, samkvæmt d-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 93/74/EBE, skulu aðildarríkin kveða á um að slík gildi skuli reiknuð út samkvæmt aðferðinni sem er lýst í viðaukanum við þessa tilskipun.

**2. gr.**

Aðildarríkin skulu kveða á um að aðferðin við að reikna út orkugildi hunda- og kattamatar með sérstök næringarmarkmið í huga, sem er lýst í viðaukanum við þessa tilskipun, gildi til 30. júní 1998.

**3. gr.**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**4. gr.**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

**5. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. apríl 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Franz FISCHLER**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 91, 22. 4. 1995, bls. 39, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/96 frá 5. júní 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 86, 6. 4. 1979, bls. 30.

(2) Stjttíð. EB nr. L 237, 22. 9. 1993, bls. 23.

(3) Stjttíð. EB nr. L 207, 10. 8. 1994, bls. 20.

(4) Stjttíð. EB nr. L 91, 22. 4. 1995, bls. 35.

## VIÐAUKI

### ADFERÐ VIÐ ÚTREIKNINGA Á ORKUGILDI HUNDA- OG KATTAMATAR MEÐ SÉRSTÖK NÆRINGARMARKMIÐ Í HUGA

#### 1. Aðferð við útreikninga og framsetning orkugildis

Orkugildi hunda- og kattamatar með sérstök næringarmarkmið í huga skal reiknað út í samræmi við neðangreinda formúlu á grundvelli hundraðshluta tiltekinnar greiningarþátta matarins. Þetta gildi skal gefið upp í megajúlum (MJ) efnaskiptanlegrar orku (EO) á hvert kílógramm af fôðurlöndu sem hér segir:

- a) hunda- og kattamat, að undanskildum kattamat með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$$\text{MJ/kg EO} = 0,1464 \times \% \text{ hráprótín} + 0,3556 \times \% \text{ hráolía og fita} + 0,1464 \times \% \text{ köfnunarefnissnautt kirni}$$

- b) kattamat með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$$\text{MJ/kg EO} = (0,1632 \times \% \text{ hráprótín} + 0,3222 \times \% \text{ hráolía og fita} + 0,1255 \times \% \text{ köfnunarefnissnautt kirni}) - 0,2092$$

þar sem hundraðshluti köfnunarefnissnauðs kinnis er reiknaður sem mismunurinn á 100 og summunni af hundraðshlutum vatns, hráösku, hráprótíns, hráolíu og fitu og hrátrefjum.

#### 2. Vikmörk fyrir yfirlýst gildi

Ef í ljós kemur við opinbert eftirlit samkvæmt 12. gr. tilskipunar 79/373/EBE að munur er á niðurstöðum við eftirlit og yfirlýsta orkugildinu (aukið eða minnkað orkugildi fôðursins) skal leyfa 15% vikmörk.

#### 3. Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður, sem fást með því að nota ofangreinda formúlu, skulu gefnar með einum aukastaf.

#### 4. Sýnatöku- og greiningaraðferðir

Sýnataka úr fôðurlöndunni og ákvörðun á innihaldi greiningarþátta sem eru tilgreindir í reikningsaðferðinni skulu eftir atvikum fara fram í samræmi við sýnatöku- og greiningaraðferðir bandalagsins við opinbert eftirlit með fôðri.